

Dómsorð:

Stefndu, Guðrún Garðarsdóttir og Bjarni Kristinsson, greiði in solidum stefnanda, Kristni Bergþórssyni, kr. 8.000.00 með 7% ársvöxtum frá 7. júlí 1971 til greiðsludags og kr. 3.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. nóvember 1974.

Nr. 60/1974: **Ákæruvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson vararíkissaksóknari)
 gegn

Árna Húnfjörð Friðrikssyni

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr,
 Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Staðfesta ber þá úrlausn héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um brot á þeim ákvæðum umferðarlaga nr. 40/1966 og áfengislaga nr. 82/1969, er í dóminum greinir.

Varðhaldsrefsingu þeirri, sem ákærði sætti með dómi sakadóms Seyðisfjarðar hinn 30. júní 1964, var að ósk ákærða breytt með náðun í 3.500 króna sekt hinn 22. febrúar 1966. Samkvæmt gögnum, er fram hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, skyldi varðhaldsrefsing samkvæmt dóminum frá 30. júní 1964 vera vararefsing fésektarinnar. Að svo vöxnu ber að telja, að ítrekunaráhrif greinds dóms hafi verið fallin brott, er ákærði framdi brot það, sem hann er ákærður fyrir í máli þessu, hinn 27. janúar 1973, sbr. lokaákvæði 3. málsg. 71. gr. almennra hegningarlaga. Með vísun til þessa þykir refs-

ing ákærða samkvæmt framangreindum refsíákvæðum hæfi-
lega ákveðin varðhald 10 daga. Ákærði skal sviptur ökuleyfi
sínu samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga í
1 ár frá birtingu héraðsdóms hinn 7. nóvember 1973 að telja.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað
í héraði. Þá ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað
við áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð,
kr. 15.000.00. Málsvarnarlaun verða eigi dæmd, með því að
verjandi afsalaði sér tilkalli til þeirra.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Árni Húnfjörð Friðriksson, sæti varðhaldi 10
daga. Hann er sviptur ökuleyfi sínu 1 ár frá birtingu
héraðsdóms hins 7. nóvember 1973 að telja.

Ákærði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að
vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað við áfrýjun málsins, þar
með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 15.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar 21. september 1973.

Árið 1973, föstudaginn 21. september, var á dómþingi sakadóms
Hafnarfjarðar, sem háð var á skrifstofu dómsins að Strandgötu
31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni, kveðinn upp dómur
í sakadómsmálinu nr. 991/1973: Ákærvaldið gegn Árna Hún-
fjörð Friðrikssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er af ákærvaldsins hálfu
höfðað gegn Árna Húnfjörð Friðrikssyni, Ölduslóð 15, Hafnarfirði,
fyrir að aka að morgni laugardagsins 27. janúar 1973 undir áhrif-
um áfengis bifreiðinni G 7333 frá Reykjavík til Hafnarfjarðar og
þar um götur bæjarins, þar sem akstur hans var stöðvaður af lög-
reglumönnum á Hólabraut.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.
umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengis-
laga nr. 82/1969.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-

leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 6. júní 1939 að Sunnuhvoli, Akrahreppi, Skagafirði, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1964 30/6 Seyðisfirði: Dómur: 10 daga varðhald, ökuleyfissvipting í 12 mánuði frá 23. júlí 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 27. janúar 1973, kl. 0725, var bifreiðin G 7333 stöðvuð af lögreglumönnum á Hólabraut í Hafnarfirði á móts við knattspyrnuvöllinn, en þeir höfðu áður fylgst með akstri bifreiðarinnar, er henni var ekið af Strandgötu og suður Hvaleyrarbraut, og þótt akstur hennar nokkuð skrykkjóttur. Höfðu þeir tal af öku-manni, sem reyndist vera ákærði í máli þessu, og töldu þeir hann vera áberandi ölvaðan. Var hann fluttur á lögreglustöðina í Hafnarfirði, þar sem tekin var af honum varðstjóráskýrsla og fenginn læknir, sem tók honum blóð til alkóhólsrannsóknar.

Í varðstjóráskýrslu er ástandi ákærða svo lýst, að sterkur áfengisþefur hafi verið af andardrætti hans, augu vot, rauð og blóðhlaupin, andlit þrútið og rjótt, jafnvægi óstöðugt, fatnaður snyrtilegur, málfar þvöglulegt, framkoma kurteis og framburður greinargóður.

Hér fyrir dómi hefur ákærði lýst atvikum svo, að föstudagskvöldið 26. janúar s.l. og eitthvað fram á nóttina hafi hann drukkið á Hótel Loftleiðum 3—4 glös af rommi, en svo ekið bifreið sinni, G 7333, þaðan að Hverfisgötu 50 í Hafnarfirði og fundið þá lítilega til áfengisáhrifa við aksturinn. Að Hverfisgötu 50 kvaðst hann hafa haldið áfram vındrykkjunni og svo um morguninn hafa ekið bifreiðinni þaðan um Hverfisgötu, Strandgötu og Hvaleyrarbraut og Hólabraut, þar sem aksturinn var stöðvaður af lögreglu. Hann kvaðst hafa fundið til áfengisáhrifa við þann akstur. Hann kvaðst ekki hafa neytt áfengis við aksturinn né eftir að honum lauk.

Í blóðsýnishorni því, sem tekið var úr ákærða í umrætt sinn, fundust við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu 1.57% af alkóhóli.

Með eigin framburði ákærða, skýrslu lögreglunnar og niðurstöðu alkóhólrannsóknar er nægilega sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Svo sem rakið er hér að framan, hlaut ákærði 30. júní 1964 á Seyðisfirði dóm, 10 daga varðhald og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði frá 23. júlí 1963, fyrir brot á áfengis- og umferðarlögum.

Refsingu þessari var með náðun breytt í 3.500 króna sekt árið 1966. Sekt þessa tókst ekki að innheimta hjá ákærða, og hefur refsingin því fallið niður árið 1971 vegna fyrningar, og samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga per analogiam hefst fyrningarfrestur ítrekunaráhrifa frá þeim tíma. Dómurinn hefur því ítrekunaráhrif.

Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og 45. gr. áfengislaga hæfilega ákveðin varðhald í 15 daga.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuleyfi ævilangt frá birtingu dóms þessa að telja.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Árni Húnfjörð Friðriksson, sæti varðhaldi í 15 daga.

Ákærði skal frá birtingu dóms þessa að telja sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.